

Fornleifakönnun í Laugarnesi

Hildur Gestsdóttir



Fornleifastofnun Íslands
FS277-05071
Reykjavík 2005



Forsíðumynd: Uppgraftarsvæði og kirkjugarður, horft í norður

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
MINJALÝSING	5
FORNLEIFARANNSÓKN	6
Skurður 1	6
Skurður 2	7
Skurður 3	8
Skurður 4	8
Skurður 5	9
SAMANTEKT	10
HEIMILDIR	11
EININGASKRÁ	16

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda Gatnamálastjóra Reykjavíkur við Sæbraut á móts við bæjarstæði og kirkjugarð í Laugarnesi í Reykjavík, þótti nauðsynlegt að gera forkönnun til þess að meta umfang og ástand fornleifa sem þarna kunna að leynast svo gera megi verk- og tímaáætlun og vinna útboðsgögn fyrir framhald framkvæmdanna. Það svæði sem er í mestri hættu frá framkvæmdum liggur sunnan og austan við kirkjugarðinn í Laugarnesi, beggja megin Sæbrautar. Bæði bæjarstæðið og kirkjugarðurinn eru friðlýstar fornminjar¹ Minjasafn Reykjavíkur leitaði til Fornleifastofnunar Íslands um að framkvæma rannsóknina og var hún gerð dagana 5.-8. apríl 2005. Að verkinu komu Hildur Gestsdóttir (stjórnandi), Garðar Guðmundsson, Howell Roberts og Sigríður Þorgeirsdóttir.

Minjalýsing

Kirkju og kirkjugarði í Laugarnesi er lýst á eftirfarandi hátt í fornleifaskráningu:²

Laugarnes 181165 230-6

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Tóft

Aldur: 1234-1794

Staðhættir: Sunnan á bæjarhólnum á Laugarnesi, inn í kirkjugarðinum. Elstu heimildir um kirkjuna eru síðan 1234 eða á ofanverðum dögum Þorvalds Gissurarsonar. Kirkjan í Laugarnesi var lögð niður þegar dómkirkjan var vígð eða árið 1794.

Lýsing: Í miðjum kirkjugarðinum er upphækkun sem talið er að sé kirkjan. Þegar hóllinn var mældur með jarðsjá 1993 kom stærð hennar í ljós, 11 x 8 m og snýr í austur – vestur.

Laugarnes 181165 230-7

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Friðlýst: Já

Staðhættir: Kirkjugarðurinn er sunnan í bæjarhól Laugarness. Hermt er að Hallgerður langbrók hvíli í kirkjugarðinum, önnur sögn segir að hún hafi verið heygð skammt frá. Síðast voru franskir bólusjúklingar jarðsettir efst og nyrst í garðinum árið 1871.

¹ Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003

² Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003

Lýsing: Garðurinn er um 25 x 21m. Garður úr torfi, um 2,5m breiður og 0,3-0,7m hár. N-hluti garðsins er nokkuð óljósari. Í miðjum garðinum var kirkja

Fornleifarannsókn

Grafnir voru fimm profuskurðir sunnan og suðaustan við kirkjugarðinn í Laugarnes. Lágu fjórir þeirra norðan við Sæbrautina en einn þeirra sunnan við hana (sjá mynd 4). Þegar fornleifakönnun hófst hafði Minjasafn Reykjavíkur látið mæla út staðsetningar á tveimur helstu lagnaskurðum sem liggja samsíða Sæbrautinni, milli hennar og kirkjugarðsins, og hafði staðsetning þeirra verið merkt á yfirborðið. Allir skurðirnir voru grafnir með skurðgröfu undir umsjón fornleifafræðings, en yfirborð og snið hreinsuð með múrskeld þegar við átti.

Skurður 1

Skurður 1 var 1x5m, sunnan við kirkjugarðsvegginn, við miðbik hans, og hafði stefnuna norðaustur-suðvestur (sjá mynd 4). Norðurendi skurðsins lá inn í kirkjugarðsvegginn eins og hann sést á yfirborði í dag. Reyndist nánast allur suðurendi skurðsins liggja ofan í 20. aldar lagnaskurði, og einungis voru óhreyfð jarðlög í nyrstu 0,6m skurðsins. Norðursnið og 0,6m af norðurenda vestursniðsins voru teiknuð (sjá myndir 1 & 5). Í ljós kom að einhvern tíman, líklegast á 20. öld samtíma greftri lagnaskurða á svæðinu, hefur farið fram landslagsmótun á suðurvegg kirkjugarðsins, og c. 0,65m þykku moldarlagi [7] ýtt upp á garðinn, sem útskýrir hvers vegna suðurveggur garðsins er mun skýrari en aðrir hlutar hans. Þetta lag lá yfir ljósbrúnu torfi [8], 0,45m á þykkt, líklegast leifar kirkjugarðsveggsins. Ekki var um greinilega torfhleðslu að ræða, og möguleiki er að þetta sé hrun úr veggnum, sem þýðir að hann hefur legið þó nokkuð norðar en sá garður sem sést á yfirborði í dag. Undir torfinu var rauðbrún fokmold með torfslitrum [9], 0,12m á þykkt, sem lá ofan á svörtu gjóskulagi (Katla-1500?). Sýni var tekið úr þessu gjóskulagi, en það hefur enn ekki verið greint. Undir gjóskunni var 0,23m þykkt lag með torf slitrum [10], og þar fyrir neðan fokmold með slitrum af viðarkoli [11], 0,2m á þykkt. Undir fokmoldinni var óhreyfð mold.



Mynd 1. Skurður 1, norður endi.

Skurður 2

Skurður 2 var lá við suðaustur horn kirkjugarðsins, og var 'T'-laga (sjá mynd 4). Fyrst var grafinn 1x6 m skurður sem lá norðaustur-suðvestur, þvert yfir það svæði þar sem lagnaskurðir höfðu verið merktir á yfirborði, og c. 2m norðar. Þetta var gert til að staðsetja lagnaskurðina og til að athuga hvort fornleifar væri að finna norðan við þær. Reyndust syðstu 0,8m vera skornir af lagnaskurðum. Norðan við þá var 3m breitt svæði sem hafði ekki verið raskað, og því næst 0,7m breiður lagnaskurður. Norðan við hann var 2,3m breitt svæði þar sem yfirborðsmoldin lá beint ofan á óhreyfði mold. Ekkert snið var teiknað í þessum hluta skurðsins, en í vestur frá honum var grafinn 1x5m skurður á svæðinu á milli lagnaskurðanna tveggja, og var suðursnið hans teiknað (sjá mynd 6). Efstu 0,55m skurðsins var grús [1]. Undir henni var 0,25m þykk leirkennd mold með torfslitrum [2] sem lá ofan á 0,4m þykkri fokmold [3]. Undir henni var 0,2m þykkt torfblandað lag [4], með landnámsgjósku og svartri gjósku, líklegast Kötlu-1500 (sýni var tekið, en hefur ekki enn verið greint). Þetta lag lá ofan

á óhreyfðri mold sem lá ofan á forsögulegri gjósku, líklegast H4.

Skurður 3

Skurður 3 lá við suðvestur horn kirkjugarðsins, var 2x5m og lá milli lagnaskurðanna tveggja með stefnu norðvestur-suðaustur (sjá mynd 4). Suðursnið skurðsins var teiknað (sjá mynd 7). Í honum reyndist yfirborðsgrúsin [1] vera 0,7m á þykkt, og lá yfir 0,27m þykkri fokmold með slitrum af viðarkolum [5]. Það lag lá ofan á óhreyfðri mold og forsögulegri gjósku, líklegast H4. Skurður 3 var grafinn niður á ísaldarmöl, sem reyndist vera 1,3m undir yfirborði.

Skurður 4

Skurður 4 lá sunnan við Sæbrautina, hafði stefnu norðvestur-suðaustur, og var 2x6m (sjá mynd 4). Suðursnið skurðsins var teiknað (sjá myndir 2 & 8). Yfirborð hér var 0,75m þykk rauðbrún mold með járnútfellingum [12]. Þetta lag lá á óhreyfðri mold, en ofan í hana hafði verið grafinn gryfja [14] 1,7m breið og 0,3m djúp sem lá utan í stóran jarðfastan stein. Gryfjan var fyllt með mold með torfleifum sem í var svört gjóska (Katla-1500?) [13]. Þessi gryfja var einungis skráð í sniði, en hún sást ekki í norðursniði skurðsins.



Mynd 2. Skurður 4. Austurendi suðursniðs.

Skurður 5

Skurður 5 var 'T'-laga og lá austan við afleggjara sem liggur í norður frá Sæbraut og inn á Laugarnes, austan við bæjarstæðið og kirkjugarðinn (sjá mynd 4). Fyrst var grafinn skurður með stefnu norðaustur-suðvestur sem var 0,9x11,6m. Syðstu 6m voru að mestu 20.aldar lagnaskurðir, og norðan við þá lá yfirborðslagið ofan á óhreyfðri mold. Ekkert snið var teiknað í þessum hluta skurðsins. Smá skiki, 0,4m breiður með móösku og gjóskulögum lá 1m í norður frá suður enda skurðsins, og var því grafinn 1x5m skurður í vestur frá upprunalega skurðinum til að athuga þetta ferkar. Reyndist þarna vera þríhyrndur skiki á milli lagnaskurða, 3m langur, og 0,4m þar sem hann var breiðastur, sem ekki hafði verið raskað. Vegna þess hver lítið svæðið var, var það skráð í sniði, og var suðursnið skurðsins teiknað (sjá myndir 3 & 9). Efsti hluti sniðsins var 20. aldar lagnaskurður [16] fylltur með grús [15]. Hann var skorinn niður á 0,1m þykka leirkennða mold með torfslitrum [19] (= [2]). Þetta lag

hafði verið skorði af öðrum lagnaskurði [18], 1,4m breiðum, fylltur með grús [17]. Vestan við neðri lagnaskurðinn lá leirkennda moldin, [19], ofan á rauðbrúnni fokmold með slitrum af viðarkoli [22], 0,42m þykk, sem lá ofan á óhreyfðri mold. Við austurbrún lagnaskurðs [18] var stór steinn, og austan við hann var 0,32m þykk rauðbrún mold með slitrum af mósösku og viðarkolum undir [19], og undir henni 0,18m þykkt lag sem samanstóð af linsum af viðarkolum og mósösku [21]. Ekki voru nein merki um að þessar linsur hefðu verið troðin niður, og því er þetta líklegast ruslslag. Þetta lag lá yfir óhreyfðri mold.



Mynd 3. Skurður 5. Austurendi suðursniðs.


Samantekt

Í skurðum 2 og 3 voru engin greinileg mannvistarlög, einungis merki um mannvist í fokmold og blönduðum torflögum. Í skurði 1 sáust merki um kirkjugarðsvegg, hlaðinn líklegast eftir


1500, og liggur hann norðar en sá garður sem sést á yfirborði, sem hefur greinilega verið mótaður einhvern tíman á 20. öld með því að ýta mold upp á garðinn sem var þar fyrir. Í skurði 4 hafði verið grafin gryfja. Líklegt er að þetta svæði sé í túni Laugarness, og að þessi gryfja tengist einhvernvegin ræktun þess. Greinilegustu mannvistarlögin voru í skurði 5, þar sem var 3m langur, mest 0,4 breiður skiki, með þykku ruslalagi samansett af móösku og viðarkolum. Þetta var á svæði sem er sundurskorið af 20. aldar lagnaskurðum, og því erfitt að vita fyrir vísit hversu miklar leifar mannvistarlaga er enn að finna á þessu svæði.

Heimildir


Anna Lísu Guðmundsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning Laugarness vegna mats á umhverfisáhrifum Sæbrautar*. (Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla 103: Fjölrit).




Mynd 4. Staðsetning skurða.



Mynd 5. Vestur- og norður snið, skurður 1.



Mynd 6. Suðursnið, skurður 2.



Mynd 7. Suðursnið, skurður 3.



Mynd 8. Suðursnið, skurður 4.



Mynd 9. Suðursnið, skurður 5.

Einingaskrá

Einingar	Svæði	Lýsing
[1]	2	Yfirborð, grús
[2]	2	Ljós gulbrún mold, mjög leirkennd, með torfslitrum (<5%).
[3]	2	Rauðbrún fokmold.
[4]	2	Torfhrun, með landnámsgjósku og svartri gjósku (Katla-1500?).
[5]	3	Rauðbrún fokmold með slitrum af viðarkoli (<1%).
[6]	1	20. aldar lagnaskurður.
[7]	1	Yfirborð. Hreyfð mold, virðist vera 20. aldar landslagsmótun á kirkjugarðsveggnum.
[8]	1	Ljóst gulbrúnt torf, hugsanlega torfveggur kirkjugarðsins, en þó er ekki um greinilega hleðslu að ræða.
[9]	1	Rauðbrún fokmold, inniheldur torfslitrum (<5%). Liggur yfir svartri gjósku (Kötlu-1500?).
[10]	1	Ljós-gulbrúnar torfleifar.
[11]	1	Fokmold með slitrum af viðarkoli (<1%).
[12]	4	Yfirborð. Rauðbrún mold með járnútfellingum.
[13]	4	Torfleifar með svartri gjósku (Katla-1500?). Fylling í [14].
[14]	4	Hola/skurður.
[15]	5	Grús. Fylling í [16].
[16]	5	20.aldar lagnaskurður.
[17]	5	Grús. Fylling í [18].
[18]	5	20. aldar lagnaskurður.
[19]	5	Ljós gulbrún mold, mjög leirkennd, með torfslitrum (<5%).
[20]	5	Rauðbrún mold með slitrum af móösku og viðarkolum (<5%).
[21]	5	Þykkar linsur af móösku og viðarkoli. Virðist ekki hafa verið traðkað. Ruslalög.
[22]	5	Rauðbrún fokmold með slitrum af viðarkoli (<1%).